

N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N Í S L A N D S

Umhverfisstofnun  
Þórdís Vilhelmína Bragadóttir,  
sérfræðingur  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 08. maí 2015

2015040012/42-4-1

KHS, OKN, TB

tb

**Umsögn vegna umsóknar um undanþágu til að nálgast hreiður hafarna og fálka**

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 16. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Elmu Rúnar Benediktsdóttur, þar sem hún óskar eftir undanþágu til að nálgast hreiður hafarna og fálka sumarið 2015 vegna myndatöku.

Að mati Náttúrufræðistofnunar hefur umsækjandi reynslu og þekkingu til að umgangast friðaðar fuglategundir og getur stofnunin því mælt með að undanþága verði veitt í samræmi drög að skilmálum vegna slíkrar undanþágu sem fylgir framangreindu bréfi. Lögð er áhersla á að ekki sé farið að hreiðrum framangreindra tegunda nema að höfðu samráði við Náttúrufræðistofnun en umsækjandi vísar t.d. til þess að fara með Sveini Jónssyni og Sindra Skúlasyni en Sveinn er ekki með leyfi eftir því sem Náttúrufræðistofnun veit best og Sindri sækir einungis um leyfi til að nálgast fálkahreiður.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar

